



Október 2019

isländisch

Gefið og yður mun gefið verða.

(Lk 6,38)

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu

Verið ákveðin! Be concrete!

Kæru vinir orðsins!

Þetta var á föstudaginn langa – seint um kvöldið. Þar sem þessi dagur er ekki almennur frídagur í Frakklandi tókst henni ekki að leggja af stað fyrr en eftir klukkan 18. Klukkan 23 kom hún í áfangastað. Við vorum tvö sem sóttum hana á lestarstöðina. Hún fór í ferðina til að taka þátt í fermingu vinkonu sinnar. Nú hittust þær tvær aftur eftir langt hlé. Djúp, smitandi gleði kom strax í ljós. Daginn eftir var skipulagsdagur. Við undirbyggjum páskahátíðina með nokkrum ungmenum. Elodie, frá borg nálægt París, tók strax mikinn þátt í þessu og gaf sig alla í það.

Hátíð páskanæturinnar hófst. Vinkona hennar tók á móti fermingarsakramentinu. Þetta var áhrifamikil stund. Ég leit til Elodie. Hún var djúpt snortin og hrærð. Augu hennar ljómuðu eins og „hlið til himna“, full af friði og gleði. Tveimur dögum síðar var hún komin aftur til Parísar. Hún skrifaði: „Veistu hvað, ég var svolítið sorgmædd af því að ég var löngu búin að gleyma því hvað nærvera Guðs þýðir í raun og veru í lífi mínu. Og núna skil ég að ég get beðið hann um hvað sem er vegna þess að hann er einfaldlega til staðar og að mér er líka alltaf boðið að biðja fyrir öðrum. Ég uppgötvaði það á þessum dögum.“

Ég minntist Madeleine Delbrêl, sem uppgötvaði á unga aldri að hægt er að „elska Guð eins og maður elskar aðra manneskju,“ og það hafði gjörbreytt lífi hennar. Þessa sömu hamingju hafði Elodie upplifað. Með gleði hafði hún farið út á göturnar til að hitta Jesú í fólkinu í borginni. Alla sem hún sá fól hún hjarta Guðs í bæn.

„Gefið, og yður mun gefið verða!“ hafði Jesús ráðlagt vinum sínum. Og hann bætti við: „Góður mælir, troðinn, skekinn, fleytifullur mun lagður í skaut yðar!“ Þessa „fyllingu lífsins“ auðnaðist mér að sjá í augum Elodie. Hún hafði gefið af sér og ferðast mörg hundruð kílómetra leið til hátíðar vinkonu sinnar sinnar. Auðug af gjöfum sneri hún heim á ný. Guð hafði snert hjarta hennar að nýju. Hún hafði þegið, bæði ríkulega og yfirfljótandi. Að elska er alltaf svo ákveðin aðgerð. Og þess vegna: **Verið ákveðin! – Be concrete!**

fyrir OnWordTeam

Meinolf Wacker